

# Tökum höndum saman

Samstarfsáætlun Árbæjarskóla og foreldra



## Efnisyfirlit

1. Inngangur .....	3
2. Markmið með samstarfinu .....	3
3. Hlutverk skólans .....	3
4. Samskipti heimilis og skóla og hlutverk umsjónarkennara .....	4
4.1 Tölvupóstur .....	5
4.2 Facebook og aðrir samskiptamiðlar .....	5
4.3 Sími og samskipti .....	5
4.4 Skrifstofa .....	6
4.5 Heimsóknir foreldra í skólastofur .....	6
4.6 Upplýsingar frá skólanum .....	6
5. Foreldradagar .....	6
6. Heimasíða og Facebooksíða skólans .....	7
7. Mentor (InfoMentor) .....	7
8. Vorskóli væntanlegra 1. bekkinga .....	7
9. Kynningarfundir að hausti .....	7
10. Kynning á valgreinum á unglingastigi .....	7
11. Kynning á námsframboði framhaldsskólanna .....	8
12. Kynning á unglingadeildinni fyrir nemendur í 7. bekk og foreldra þeirra .....	8
13. Heimsóknir í skólann .....	8
14. Fundir með stjórn foreldrafélags .....	8
15. Skólaráð .....	8
16. Fræðsla og ráðgjöf á vegum skóla og þjónustumiðstöðvar .....	11
17. Hlutverk foreldra .....	12
18. Foreldrafélag Árbæjarskóla .....	12
19. Samstarfsáætlun Árbæjarskóla við foreldra .....	13

## 1. Inngangur

Árbæjarskóli er grunnskóli þar sem grundvöllur starfsins er fræðsla og uppeldi sem byggir á aðalnámskrá grunnskóla og þeirri stefnu sem mörkuð er af fræðsluyfirvöldum Reykjavíkur. Áhersla er á teymisvinnu í skólanum og samvinnu allra, auk þess sem samvinna við grenndarsamfélagið er skólanum afar mikilvæg. Í stefnu skólans segir m.a.:

Í skólstarfinu er haft að leiðarljósi að nemendur, kennarar og annað starfsfólk nái hámarksárangri. Góður grunnskóli er ein styrkasta stoðin í hverju samfélagi. Því er nauðsynlegt að gagnkvæmt traust ríki milli grenndarsamfélagsins og starfsmanna skólans og að skólstarfið miði að því að styrkja og efla hvern og einn til framfara og þroska. Mikilvægt er að starfið mótist af metnaði og hvatningu til sjálfstæðra verka og aukinnar víðsýni, þar sem hver og einn fær notið sín á eigin forsendum.

Í Árbæjarskóla hefur verið lögð áhersla á að samstarf skólans og foreldra einkennist af jákvæðum samstarfsanda og að gagnkvæm virðing ríki milli aðila. Það er hverjum skóla mikilvægt að eiga í traustum samskiptum við heimilin. Þátttaka og stuðningur foreldra við börnin sín í skólstarfinu skiptir miklu máli og hefur áhrif bæði á námsárangur þeirra og líðan.

Í þessari samstarfsáætlun foreldra og skóla er greint frá því hvernig samstarfi skóla og heimilis er háttað, markmiðum samstarfsins, hlutverki skólans og foreldranna, skólaráðs, foreldrafélags og árgangafulltrúa.

## 2. Markmið með samstarfinu

Markmiðið með samstarfi skóla og heimilis eru eftirfarandi:

- Að stuðla að gagnkvæmu trausti og árangursríku samstarfi milli skóla og heimilis og að virðing ríki milli aðila,
- að stuðla að samráði og samvinnu um námsástundun, hegðun, líðan og skólabrag,
- að stuðla að gagnkvæmu upplýsingastreymi milli skóla og heimilis,
- að virkja foreldra til þátttöku og samvinnu um ýmsa þætti skólstarfsins,
- að stuðla að því að foreldrar séu ávallt sem best upplýstir um starfsemi skólans og áherslur í skólstarfinu.

## 3. Hlutverk skólans

Meginhlutverk skóla er að stuðla að almennri menntun nemenda og skulu þeir leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir barna og ungmenna og miða að virkri þátttöku þeirra í lýðræðissamfélagi innan skólans og utan.

Hlutverk skólans er margþætt en þó fyrst og fremst að stuðla að almennri menntun nemenda samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla og þeirri stefnu sem mörkuð er af fræðsluyfirvöldum Reykjavíkur. Í 2. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 segir:

Hlutverk grunnskóla, í samvinnu við heimilin, er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Starfshættir grunnskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, kristinni arfleifð íslenskrar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi,

ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi. Þá skal grunnskóli leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins ... Grunnskóli skal stuðla að góðu samstarfi heimilis og skóla með það að markmiði að tryggja farsælt skólastarf, almenna velferð og öryggi nemenda.

Í Árbæjarskóla leggur starfsfólk sig fram um að vinna að ofangreindum markmiðum og þá ekki síst að góðu samstarfi heimilis og skóla sem fjallað er um í þessari samstarfsáætlun.

#### **4. Samskipti heimilis og skóla og hlutverk umsjónarkennara**

Árbæjarskóli hefur í samráði við foreldra og kennara sett leiðbeinandi reglur um samskipti heimilis og skóla í samræmi við viðmið sem unnin voru að frumkvæði skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur haustið 2017.

Við gerð viðmiðanna var sérstaklega horft til þess að enginn einstakur þáttur hefur eins mikil áhrif á námsárangur og líðan nemenda og foreldrar þeirra. Fræðimaðurinn Hattie (2009), sem gert hefur fjölda rannsókna á skólastarfi, telur að rekja megi 70% af námsárangri nemenda til þátta utan skólans, ekki síst heimilanna. Í ljósi þessa hafa fræðimenn lagt áherslu á mikilvægi foreldrasamstarfs og þess að foreldrar fái hlutdeild í námi barna sinna. Þetta undirstrikar mikilvægi þess að mótaður sé skýr og skilvirkur farvegur fyrir samskipti foreldra og kennara þar sem velferð nemenda er höfð að leiðarljósi um leið og þess er gætt að samskiptin hafi ekki truflandi áhrif á nám og kennslu.

Umsjónarkennarar gegna lykilhlutverki þegar kemur að samskiptum heimila og skóla en í aðalnámskrá grunnskóla er skýrt kveðið á um hlutverk þeirra:

Umsjónarkennari tekur öðrum starfsmönnum fremur ábyrgð á námi nemenda sinna, þroska þeirra, líðan og velferð. Umsjónarkennari leggur sig fram um að kynnast nemendum sínum sem best, foreldrum þeirra og aðstæðum. Hann vinnur náið með þeim kennurum sem kenna nemendum í hans umsjá, safnar saman upplýsingum og kemur þeim áleiðis innan skóla og til foreldra í þeim tilgangi að gera foreldrum kleift að taka þátt í ákvörðunum sem varða barn þeirra og skólastarfið. Umsjónarkennari gegnir lykilhlutverki í farsælu samstarfi heimila og skóla og er megintengiliður milli skóla og heimila.

Umsjónarkennarinn er því lykilpersóna í samstarfi heimila og skóla og sá aðili sem þekkir nemendur sína öðrum fremur og getur veitt þeim þann stuðning og aðhald sem þörf er á. Umsjónarkennari er í samskiptum við foreldra um þau mál er snerta einstaka nemendur, heimanám, ástundun náms og annað sem snýr að starfi umsjónarnemenda hans.

Foreldrar eru hvattir til að vera í góðu sambandi við umsjónarkennara sem og aðra kennara barna sinna. Gott samband milli foreldra og kennara er framar öðru líklegt til að leggja traustan og árangursríkan grunn að skólagöngu barnsins. Foreldrar hafa ýmsar leiðir til samskipta við umsjónarkennara / kennara barna sinna og má þar nefna, símtöl, tölvupósta og fundi svo fátt eitt sé nefnt. Um þau samskipti gildir eftirfarandi:

#### 4.1 Tölvupóstur

- ✓ Mælst er til þess að tölvupóstar séu eingöngu notaðir til að senda upplýsingar eða spyrjast fyrir um hagnýt mál. Ef ræða þarf viðkvæm, persónuleg mál er bent á að ræða beint við kennara/skólastjórnendur.
- ✓ Sé erindið brýnt þá er öruggara að hafa samband símleiðis við skrifstofu skólans sem kemur upplýsingum áleiðis.
- ✓ Bent skal á að kennarar lesa ekki tölvupóst né svara í farsíma á kennslutíma en þeir svara tölvupósti eins fljótt og þeir geta eða að jafnaði innan tveggja virkra daga.
- ✓ Kennarar taka að öllu jöfnu ekki við vinnupósti í farsíma sinn og ekki er ætlast til að þeir svari tölvupósti utan vinnutíma.
- ✓ Bent skal á að tölvupóstar eru opinber gögn sem varðveitt eru í skjalasafni skólans.

#### 4.2 Facebook og aðrir samskiptamiðlar

- ✓ Innan skólans gilda samræmdar siðareglur um samskipti við foreldra á samfélagsmiðlum, t.d. varðandi vináttu starfsmanna skólans og foreldra og/eða nemenda. Almenna reglan er sú að starfsmenn skólans og foreldrar og/eða nemendur eru ekki vinir á samskiptamiðlum sambærilegum Facebook.
- ✓ Kennarar skólans sem stofna sérstakan Facebook hóp eða aðra sambærilega samskiptahópa fyrir foreldra skilgreina í upphafi tilgang hópsins/síðunnar, hvað á heima þar og hvað ekki.

*Dæmi: Tilgangurinn með þessum hóp/síðu er að deila hagnýtum upplýsingum um nám og félagsstarf nemendanna í bekknum/árganginum. Hér er deilt upplýsingum og fyrirspurnum um heimanám, upplýsingum og fyrirspurnum um verkefni sem nemendur eru að vinna með í skólanum m.a. ljósmyndum, upplýsingum og fyrirspurnum um kennsluáðferðir. Hér birtast einnig upplýsingar frá bekkjarfulltrúum og frá foreldrafélaginu. Undir engum kringumstæðum er hér fjallað um málefni einstaklinga, hvorki nemenda, foreldra né starfsmanna skólans.*

- ✓ Reglur gilda um hvenær, hvar og hvaða ljósmyndir skólinn birtir af nemendum, sjá: Viðmið um myndatökur og myndbirtingar í skóla- og frístundastarfi <http://reykjavik.is/vidmid-um-myndatokur-og-myndbirtingar-i-skola-og-fristundastarfi>.

#### 4.3 Sími og samskipti

- ✓ Kennarar svara ekki í farsíma eða taka við skilaboðum í síma meðan á kennslu stendur.
- ✓ Ef málið þolir ekki bið er hægt að óska eftir símtali eða fundi með milligöngu skrifstofu skólans.
- ✓ Foreldrar eru beðnir um að hringja ekki í kennara utan dagvinnutíma eða ónáða með að senda skilaboð í gegnum Facebook eða aðra samfélagsmiðla.
- ✓ Foreldrar eru beðnir um að hringja ekki á skrifstofu skólans eða í kennara með skilaboð sem ekki eru brýn s.s. að mamma eða pabbi bíði út í bíl eða að barnið megi fara heim

með einhverjum eftir skóla. Sama gildir um tölvupóst með svipuðum skilaboðum. Ganga þarf frá slíku við barnið áður en það fer í skólann.

#### 4.4 Skrifstofa

- ✓ Starfsfólk skrifstofunnar hefur m.a. það hlutverk að taka á móti foreldrum og leiðbeina þeim. Foreldrar eru því hvattir til að leita aðstoðar á skrifstofunni.
- ✓ Foreldrar tilkynna veikindi barna sinna og/eða stutt leyfi á skrifstofu skólans.
- ✓ Vilji foreldrar setja sig í samband við stjórnendur/kennara hringja þeir á skrifstofu þar sem tekin eru niður skilaboð til kennara eða annarra sem hafa samband við fyrsta tækifæri.
- ✓ Foreldrar tilkynna komu sína á skrifstofu skólans eigi þeir erindi í skólann. Skrifstofan tekur við erindinu og kemur því í viðeigandi farveg.

#### 4.5 Heimsóknir foreldra í skólastofur

- ✓ Hvatt er til með ýmsum hætti að foreldrar kynnist daglegu starfi barna sinna í skólanum, en heimsóknir í skólastofur skulu alltaf vera í samráði og með samþykki viðkomandi kennara. Foreldrar þurfa alltaf að gera vart við sig á skrifstofunni nema um sé að ræða upptöku árgangs á þar til greindum tíma og stað.
- ✓ Þurfi foreldrar að nálgast börn sín á skólatíma, t.d. ef nemendur hafa gleymt nesti, íþróttafötum eða af öðrum ástæðum er þeim bent á að leita aðstoðar á skrifstofu skólans eða hjá skólaliðum. Foreldrar eru beðnir að fara ekki inn í kennslustofu þegar kennsla er í gangi nema að undangengnu samþykki kennara.
- ✓ Ef foreldrar þurfa einhverra hluta vegna að dvelja í skólanum um lengri tíma vegna sérstakra aðstæðna skal það gert í samráði við skólastjórnendur.

#### 4.6 Upplýsingar frá skólanum

- ✓ Skólinn birtir allar helstu upplýsingar um skólastarfið á heimasíðu sinni m.a. skóladagatal, skólanámskrá, starfsáætlun, samstarfsáætlun foreldra og skóla, starfsmannalista, matseðil o.fl.
- ✓ Umsjónarkennarar eru í reglulegu sambandi við foreldra m.a. með vikupóstum. Markmið póstanna er að upplýsa foreldra um árganga-/bekkjarstarfið og það sem er fram undan hjá árganginum/bekknum. Auk þess geta foreldrar nálgast margvíslegar upplýsingar á Mentor.

### 5. Foreldradagar

Foreldradagar eru haldnir að minnsta kosti tvisvar sinnum á hverju skólaári fyrir foreldra nemenda í 1. – 10. bekk. Foreldrar geta hvenær sem er haft samband við umsjónarkennara og óskað eftir viðtali auk þess sem umsjónarkennarar boða til viðtala eftir þörfum utan foreldradagsins.

## 6. Vefsíða

Skólinn leggur áherslu á að halda foreldrum sem best upplýstum um skólastarfið og gegnir vefsíða skólans þar mikilvægu hlutverki. Vefsíðan skiptist í tvo hluta, annars vegar námsskrá skólans og hins vegar starfsáætlun hans. Þar má einnig nálgast ýmsar gagnlegar upplýsingar á borð við skóladagatal og matseðil mánaðarins. Unnið er að því að setja upp nýja vefsíðu fyrir skólann.

## 7. Mentor (InfoMentor)

Skólinn nýtir Mentor kerfið til að halda utan um persónuupplýsingar sem og nám nemenda. Kerfið er góð upplýsingaveita og þar geta foreldrar m.a. fylgst með heimanámi barna sinna, námsmati, dagbókarfærslum og ástundun svo fátt eitt sé nefnt. Þar má einnig nálgast upplýsingar um ýmislegt sem á döfinni er hjá nemendum sem kennarar skrá inn í kerfið jafnóðum. Foreldrar eru hvattir til að vera í sambandi við skrifstofu ef þeir lenda í vandræðum með að afla upplýsinga af Mentor, vantar lykilorð inn á síðuna eða annað. Þess skal getið að Reykjavíkurborg hefur gert úttekt á kerfinu og gert vinnusamning við fyrirtækið sem rekur InfoMentor til að tryggja persónuvernd.

## 8. Vorskóli væntanlegra 1. bekkinga

Í maí ár hvert er haldinn vorskóli fyrir væntanlega nemendur í 1. bekk og foreldra þeirra. Skipulagið er með þeim hætti að stjórnendur taka á móti foreldrum á sal skólans þar sem fram fer kynning á skipulagi skólastarfsins með sérstakri áherslu á skólastarfið í 1. bekk. Á sama tíma og kynningin fer fram fyrir foreldra í sal skólans eru börnin í námsstund í kennslustofum.

## 9. Kynningarfundir að hausti

Í upphafi skólaársins (ágúst) halda skólastjórnendur í samstarfi við umsjónarkennara kynningarfundir fyrir forráðamenn nemenda þar sem farið er yfir stefnu og starfsáætlun skólans, auk þeirra mála sem eru í brennidepli hverju sinni. Nemendur í 7. – 10. bekk mæta til þessara funda með foreldrum sínum en í 2. – 6. bekk mæta foreldrar til fundarins.

## 10. Kynning á valgreinum á unglिंगastigi

Á vorönn er valbók á unglिंगastigi kynnt fyrir nemendum og foreldrum í unglिंगadeildinni. Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla eru valgreinar hluti af skyldunámi nemenda á unglिंगastigi en þar segir m.a.:

Tilgangurinn með valfrelsi nemenda á unglिंगastigi er að hægt sé að laga námið sem mest að þörfum einstaklingsins og gera hverjum og einum kleift að leggja eigin áherslur í námi miðað við áhugasvið og framtíðaráform í samvinnu við foreldra, kennara og námsráðgjafa.

## **11. Kynning á námsframboði framhaldsskólanna**

Námsráðgjafar skólans kynna fyrir nemendum 10. bekkjar og foreldrum þeirra námsframboð framhaldsskólanna áður en innritun í þá hefst. Kynningar geta verið með ýmsum hætti m.a. í kennslustundum, á sal, með tölvupósti og í einstaklingssamtölum hjá námsráðgjöfum.

## **12. Kynning á unglिंगadeildinni fyrir nemendur í 7. bekk**

Nemendum í 7. bekk Árbæjarskóla, Ártúnsskóla og Selásskóla er boðið í sérstaka heimsókn í lok maí þar skólastjórnendur fara yfir skipulag skólastarfsins í unglिंगadeildinni, fulltrúar úr stjórn nemendafélagsins kynna starf félagsins og félagsstarfið auk þess sem farin er skoðunarferð um skólann. Þá kynna fulltrúar félagsmiðstöðvarinnar sitt starf.

## **13. Heimsóknir í skólann**

Forráðamenn eru ætíð velkomnir í skólann og eru þeir hvattir til að fylgjast vel með námi og starfi barna sinna. Vilji foreldrar koma í heimsókn er best að hafa samband við umsjónarkennara barnanna og mæla sér mót við þá á fyrir fram ákveðnum tíma.

Þegar þeir mæta í skólann fara þeir á skrifstofu skólans sem hefur samband við viðkomandi kennara og lætur vita af gestkomunni.

Á skólaárinu er forráðmönnum nemenda boðið að koma í heimsóknir í skólann þegar einstaka viðburðir eru innan árganga. Í þessum heimsóknum gefst gestunum m.a. kostur á að heimsækja kennslustundir nemenda, virða fyrir sér verk þeirra sem eru til sýnis víðsvegar um skólann og taka þátt í ákveðnum uppákomum.

Nemendur unglिंगadeildar setja upp söngleik á hverju vori og gefst nemendum og fjölskyldum þeirra þá gott tækifæri til að koma í skólann og sjá afrakstur þess mikla verk- og listgreinastarfs sem fram fer í skólanum.

## **14. Fundir með stjórn foreldrafélags**

Reglulega mæta stjórnendur á fundi með stjórn foreldrafélagsins, þar sem farið er yfir hin ýmsu mál og það sem efst er á baugi hverju sinni.

## **15. Skólaráð**

Í Árbæjarskóla starfar skólaráð, skv. 8. gr. grunnskólalaga nr.91/2008. Skólastjóri fundar reglulega með skólaráði Árbæjarskóla (að lágmarki fjórum sinnum á skólaárinu), þar sem farið er yfir stefnu skólans og starfsemi á hverjum tíma. Í skólaráði eiga sæti fulltrúar foreldra,



fulltrúar nemenda, fulltrúar starfsmanna og kennara og fulltrúi grenndarsamfélagsins auk skólastjórnenda.

Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans í samræmi við stefnu sveitarfélags um skólahald (sjá reglugerð um skólaráð nr.1157/2008).

Skólaráð

- a. fjallar um skólanámskrá, rekstraráætlun, starfsáætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið,
- b. fjallar um fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla og gefur umsögn áður en endanlegar ákvarðanir um þær eru teknar,
- c. tekur þátt í að móta stefnu og sérkenni skóla og tengsl hans við grenndarsamfélagið,
- d. fylgist með öryggi, húsnæði, aðstöðu, aðbúnaði og almennri velferð nemenda,
- e. fjallar um skólaeqlur, umgengnishætti í skólanum,
- f. fjallar um erindi frá skólanefnd sveitarfélags, foreldrafélagi, kennarafundi, almennum starfsmannafundi, nemendafélagi, einstaklingum, menntamálaráðuneyti, öðrum aðilum varðandi málefni sem talin eru upp í þessari málsgrein og veitir umsögn sé þess óskað,
- g. tekur þátt í öðrum verkefnum á vegum skólanefndar að fengnu samþykki sveitarstjórnar.

Skólaráð fjallar ekki um málefni einstakra nemenda, foreldra eða starfsfólks skóla.

Skólaráð skal skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks í viðkomandi skóla, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Skólaráð velur að auki einn fulltrúa grenndarsamfélags til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra. Auk þess skal skólastjóri boða til sameiginlegs fundar skólaráðs og stjórnar nemendafélags að lágmarki einu sinni á ári.

Þeir níu einstaklingar sem veljast til setu í skólaráð eru til þess kosnir. Fulltrúar kennara skulu kosnir á kennarafundi og fulltrúi almenns starfsfólks er kosinn á starfsmannafundi. Þá eru fulltrúar foreldra kosnir samkvæmt starfsreglum foreldrafélags og fulltrúar nemenda eru kosnir samkvæmt starfsreglum nemendafélags skólans. Þá velur skólaráðið sjálft einn fulltrúa úr hópi grenndarsamfélagsins en einnig má velja viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra. Varamenn eru skipaðir á sama hátt og taka sæti í skólaráði í forföllum aðalmanna.

Skólaráðið setur sér starfsáætlun í upphafi skólaárs og þar má meðal annars sjá tíðni funda og hvernig þeir eru boðaðir og undirbúnir. Ritaðar eru fundargerðir og má nálgast þær á vef skólans.

Nemendur eiga alltaf að geta tekið þátt í starfi skólaráðsins þegar fjalla á um velferðar- og hagsmunamál þeirra eða þegar starfsáætlun eða aðrar áætlanir sem lúta að skólahaldinu og meiriháttar breytingum á starfsemi skólans eða skólahaldinu eru ræddar. Þegar mál eru á vinnslustigi eða þegar á að fjalla um mál sem nemendur telja sig ekki hafa forsendu til að taka

þátt í umfjöllun um getur skólastjóri leyst nemendur undan setu í ráðinu í samráði við þá og aðra fulltrúa skólaráðsins. Það eru þá fulltrúar foreldra í ráðinu sem gæta hagsmuna nemenda þegar þeir geta ekki setið fundi.

Vísa má erindum sem skólaráðið hefur haft til umfjöllunar og umsagnar meðal annars til foreldrafélags, starfsmannafundar eða nemendafélags.

Ýmsar upplýsingar er einnig að finna í handbók um skólaráð á eftirfarandi vefslóð: [http://reykjavik.is/sites/default/files/skjol\\_thionustulysingar/handbokskolarad\\_150615.pdf](http://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_thionustulysingar/handbokskolarad_150615.pdf)

## **Verkefni skólaráðs Árbæjarskóla**

### **September/október**

*Ýmislegt tengt upphafi skólaárs:*

- Skipan og verkefni skólaráðs, kynning nýrra fulltrúa, fundartíma, fundarritun, hvar fundargerðir eru birtar og boðun funda
- Val á fulltrúa grenndarsamfélags
- Starfsáætlun skólaráðs yfirfarin
- Starfsáætlun Árbæjarskóla 2024-2025 þ.m.t. skólanámskrá, skóladagatal, skólareglur o.fl.
- Aðgengi að og í skóla
- Námsmat
- Gengið um skólana/eða rætt hvað er gott og hvað þarf að bæta (sbr. hlutverk skólaráðs í lögum: fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda)
- Önnur mál

### **Nóvember/desember**

*Mat á skólastarfi og þróunarverkefni:*

- Mat á skólastarfi (Skólapúlsinn, tengslakannanir, námsmat, samrændar kannanir o.s.frv.)
- Jóladagskrá
- Þróunarverkefni, kynning (ef við á)
- Minnt er á að skólaráð skal að lágmarki halda einn opinn fund á ári um málefni skólans fyrir aðila skólasamfélagsins (sbr. 4.grein reglugerðar).
- Drög að skóladagatali yfirfarið
- Önnur mál

### **Janúar/febrúar**

*Nemendur í sviðljósinu*

- Áhersla lögð á nemendur fá að koma með það sem þeim liggur á hjarta. Mikilvægt að þau komi vel undirbúin af umsjónarmanni félagsmála. Hvað eru þau ánægð með og hvað þarf að bæta.
- Mötuneyti. Samtal við matreiðslumeistarann.
- Skóladagatal næsta árs afgreitt.
- Yfirferð skólareglna
- Skólapúlsinn staða, könnun fyrir 1. – 5. bekk. ATH!
- Yfirferð viðmiða um foreldrasamstarf
- Símenntunaráætlun
- Önnur mál

## Mars/apríl

### *Undirbúningur næsta skólaárs*

- Sjálfsmat
- Helstu áherslur á næsta skólaári, skóladagatal, símenntun o.s.frv.
- Yfirferð á starfsáætlun/skólanámskrá (t.d. tillögur að framsetningu).
- Rekstrarniðurstaða síðasta árs kynnt
- Fjárhagsstaðan, rekstraráætlun
- Skipulag vorferða
- Önnur mál

## Mai/júní

### *Í lok skólaárs og undirbúningur þess næsta.*

- Framkvæmdir framundan
- Skipulag vordaga og skólaloka
- Starfsáætlun skólaráðs næsta skólaárs
- Skipulag næsta skólaárs, ráðningar o.fl.
- Kynningar á fyrirhuguðum breytingum.
- Útskrift/skólalok
- Skipan skólaráðs næsta skólaár
- Önnur mál

## 16. Fræðsla og ráðgjöf á vegum skóla og þjónustumiðstöðvar

Fræðsla og ráðgjöf til foreldra er margvísleg. Á kynningarfundum sem haldnir eru á haustdögum fer fram fræðsla og ráðgjöf í bland við kynningar á ýmsum þáttum skólastarfsins.

Árbæjarskóli og Austurmiðstöð eiga mikið samstarf og nýtur skólinn skólaþjónustu frá þjónustumiðstöðinni. Markmið þjónustunnar er að veita markvissa og heildstæða þjónustu á þverfaglegum grunni til að mæta sérþörfum barna og fjölskyldna þeirra. Sérfræðingar þjónustumiðstöðvarinnar veita margháttaða ráðgjöf og þjónustu við skólann, foreldra og

nemendur s.s. sálfræðilegar athuganir og ráðgjöf, ráðgjöf vegna sérkennslu, kennslu- og leikskólaráðgjöf, unglinga- og félagsráðgjöf og hegðunarráðgjöf. Talmeinafræðingar koma reglubundið í skólann og hegðunarráðgjafar eru til ráðgjafar a.m.k. aðra hverja viku. Þá tekur fulltrúi þjónustumiðstöðvar þátt í móttöku nemenda af erlendum uppruna í skólanum og kynnir þjónustuna og möguleikana í Árbæjarhverfinu.

Námsráðgjafar skólans skipuleggja í samráði við umsjónarkennara og stjórnendur margvíslega fræðslu auk þess sem haldin eru námskeið fyrir nemendur og stundum einnig foreldra. Það er nokkuð misjafnt hvað er í boði frá ári til árs en leitast er við að bjóða upp á þá fræðslu sem best á við hverju sinni.

## **17. Hlutverk foreldra**

Í lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, er kveðið skýrt á um hlutverk og ábyrgð foreldra í tengslum við skólagöngu barna þeirra. Þar kemur m.a. fram að þeim beri að gæta að hagsmunum barna sinna á skólaskyldualdri og eigi að fylgjast með og styðja við skólagöngu þeirra og námsframvindu. Foreldrar eiga rétt á upplýsingum um skólastarfið og skólagöngu barna sinna en um leið er þeim skylt að veita skólanum upplýsingar sem nauðsynlegar eru fyrir velferð þeirra og skólagöngu.

Foreldrar eru einhver sterkasti mótunaraðili barnanna og hafa ótvíræð áhrif á hvernig þau upplifa skólagönguna. Því skiptir þátttaka þeirra í námi barnanna verulegu máli. Jákvætt viðhorf til námsins og skólans er öllum ákaflega mikilvægt. Rannsóknir sýna að nemendur sem alast upp við jákvætt viðhorf heimilis til skóla standa sig yfirleitt betur í námi og fara út í lífið með jákvæðari viðhorf til tilverunnar en þeir sem búa við neikvætt viðhorf til skóla. Mikilvægt er að foreldrar hvetji börn sín til dáða og sýni viðfangsefnum þeirra áhuga. Þá er einnig mikilvægt að þeir kenni börnum að sýna öðrum kurteisi og virðingu.

Hlutverk foreldra er margþætt og ábyrgð þeirra einnig, sbr. áðurnefnd lög um grunnskóla. Foreldrar þurfa að huga að því að börn þeirra fái nægan svefn og að þau mæti til skóla á réttum tíma, með tilskilin gögn og hollt og gott nesti. Fylgjast verður vel með líðan barnanna og hafa þegar samband við skólann ef eitthvað er að. Þá er mikilvægt að huga vel að heimanámi barnanna, ekki síst lestri, fylgjast almennt með námsframvindu þeirra, ástundun í Mentor, skilaboðum frá skólanum o.s.frv.

Foreldrar eru einnig hvattir til að upplýsa starfsfólk skólans um hvað þeim finnst mega betur fara í skólastarfinu því ábendingar frá foreldrum eru mikilvægur liður í bættu skólastarfi.

## **18. Foreldrafélag Árbæjarskóla**

Við hvern grunnskóla skal starfa foreldrafélag, skv. 9. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008. Skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun þess og sér til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum.

Yfirmarkmið foreldrafélagsins kemur fram í 2. gr. laga félagsins. Það á að vera samstarfs- vettvangur foreldra, því er ætlað að efla og tryggja gott samstarf heimila og skólans, vinna að velferð nemenda, koma á framfæri sjónarmiðum foreldra um skóla- og uppeldismál og standa vörð um réttindi barna til mennta og aukins þroska.

Hlutverk foreldrafélags er að styðja við skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla. Foreldrafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð.

Foreldrar í hverjum árgangi skólans eru hvattir til virkrar þátttöku í foreldrafélaginu. Þeir foreldrar sem hafa áhuga á að starfa innan einstakara árganga skrá sig til leiks á síðu foreldrafélagsins sem nálgast má á heimasíðu skólans. Við upphaf hvers skólaárs eru sendir reikningar í heimabanka foreldra þar sem þeim gefst kostur á að greiða árgjald til foreldra- félagsins sem notað er til að standa straum af kostnaði við rekstur félagsins, m.a. vegna uppákoma og fræðslufunda sem félagið stendur fyrir. Frjáls framlög til félagsins eru einnig vel þegin.

## 19. Samstarfsáætlun Árbæjarskóla við foreldra

<b>Skólasetning og kynningarfundir að hausti fyrir foreldra</b>	Á skólasetningardaginn í ágúst mæta nemendur í 7. – 10. bekk á fundi með skólastjórnendum ásamt foreldrum sínum. Nemendur í 2. – 7. bekk hitta umsjónarkennara í smærri hópum, ásamt foreldrum.
<b>Foreldradagar</b>	Foreldradagar eru í skólanum einu sinni á hvorri önn þar sem foreldrar nemenda í öllum árgöngum mæta til viðtals við umsjónarkennara, ásamt nemendum. Farið er yfir líðan nemenda og námslega og félagslega stöðu og annað það sem mönnum liggur á hjarta. Utan foreldradags eru foreldrar hvattir til að vera í sambandi við umsjónarkennara hvenær sem þurfa þykir.
<b>Opið hús</b>	Einstaka árgangar og faghópar bjóða foreldrum og öðrum góðum gestum að heimsækja nemendur í skólann til að skoða afrakstur vinnu þeirra og taka þátt í ýmsum viðburðum.
<b>Kynning á valgreinum á unglíngastigi</b>	Á vorönn er valbók á unglíngastigi kynnt fyrir nemendum og foreldrum í unglíngadeildinni.
<b>Öskudagur</b>	Öskudagshátíð er haldin í 5. – 7. bekk og stýra kennarar henni.
<b>Kynning á námsframboði framhalds- skólanna</b>	Skólastjórnendur og námsráðgjafar skólans kynna fyrir nemendum 10. bekkjar og foreldrum þeirra námsframboð framhaldsskólanna áður en innritun í þá hefst.

<b>Kynning fyrir nemendur í 7. bekk og foreldra þeirra á unglिंगadeildinni</b>	Á vormánuðum eru kynningar á skólstarfinu og þeim breytingum sem fylgja því að hefja nám í unglिंगadeild fyrir nemendur í 7. bekk Árbæjar-, Ártúns- og Selásskóla og foreldra þeirra. Einnig er kynning á félagsstarfinu og heimsókn í félagsmiðstöðina.
<b>Vorskóli verðandi 1. bekkinga</b>	Í lok skólaársins er haldinn vorskóli fyrir væntanlega nemendur í 1. bekk og foreldra þeirra. Aðstoðarskólalastjóri tekur á móti foreldrum á sal skólans. Þar fer fram kynning á skipulagi skólstarfsins með sérstakri áherslu á skólstarfið í 1. bekk. Á sama tíma og kynningin fer fram eru börnin í námsstund með kennurum.
<b>Fundir með stjórn foreldrafélagsins</b>	Stjórnendur mæta reglulega á fundi með stjórn foreldrafélagsins þar sem farið er yfir hin ýmsu mál og það sem efst er á baugi hverju sinni.
<b>Skólaráðsfundir</b>	Reglulegir fundir í skólaráði Árbæjarskóla skv. skipulagi hér að framan.

Uppfært haustið 2024

Guðlaug Sturlaugsdóttir skólalastjóri  
Guðrún E. Þórhallsdóttir aðstoðarskólalastjóri  
Þórhildur Þorbergsdóttir aðstoðarskólalastjóri